

Framboð til stjórnar FKA 2024-2025



Kæru félagskonur FKA -

Ég heiti Guðrún Gunnarsdóttir og sækist eftir stuðningi ykkar til að sitja annað kjörtímabil í stjórn FKA.

Ég er varaformaður félagsins í dag og mig langar til að fylgja þeim verkefnum eftir sem eru í gangi hjá stjórn og þeim sem svo taka við. Ég hef haft mikla ánægju af starfinu innan FKA, bæði samskiptum við stóran hóp af flottum konum og kynnst mörgum skemmilegum málefnum. Mig langar til að halda þessu verki áfram.

Einkunnarorð félagsins eiga sérlega vel við Aukið : **# tengslanet - # sýnileiki - # hreyfiafl**

Ég var formaður Viðurkenningarhátíðarinnar 2023 og fann þá hvað hreyfiafl og tengslanet voru áberandi í þeirri vinnu. Við þurftum í senn að vera í sambandi við áhrifafólk til að sitja í dómnefnd og um leið að velja verðlaunahafa.

Frábært og mikilvægt verkefni er Jafnvægisvogin sem minnir okkur á að það er ennþá verk að vinna í jafnréttisbaráttunni. Ekki bara launalega heldur einnig lágt hlutfall kvenna í framkvæmdastjórn og í stjórnum fyrirtækja hér á landi. Margt hefur áunnist á liðnum árum en betur má ef duga skal.

Ég vil einnig fagna fjölbreyttum viðburðum á vegum FKA og öðrum deildum – Leiðtogaauði - FKA Framtíð - Atvinnurekenda Auði og svo ég tali ekki um félögin úti á landi sem eru að koma sterk inn.

Hvað mig sjálfa varðar þá er ég annar framkvæmdastjóra Fastus ehf. félag sem ég stofnaði ásamt félögum árið 2006 og við seldum svo 2014. Í dag starfa um 120 starfsmenn hjá félaginu en við erum mjög stór á heilbrigðismarkaðnum. Seljum þar lækninga- og hjúkrunarvörur og annan tengdan búnað til heilbrigðisstofnana. Fastus er einnig mjög öflugt í sölu á stóreldhúsbúnaði og tengdum vörum til veitingahúsa, hótela og mötuneyta í fyrirtækjum.